




Skipulagslýsing vegna breytingar á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi, samþykkt 28. ágúst 2000.

Fyrirhuguð er breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur sem samþykkt var þann 28. ágúst 2000. Fyrirhuguð er að byggja sjóböð og tilheyrandi aðstöðu fyrir gesti baðanna, svo sem búningsaðstöðu, veitingasölu og bílastæði. Þjónustuhúsið verður fyrir allt að 150 manns og verður bílaumferð og fjöldi gesta takmarkaður hverju sinni til að tryggja sem besta upplifun gesta og hlífa náttúru staðarins fyrir of miklum ágangi.



Mynd 1. Úr aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029.

Á jörðinni Hvammsvík er í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 skilgreindur reitur fyrir verslun og þjónustu, VP3 Hvammsvík. Um hann segir í aðalskipulaginu: Gert er ráð fyrir byggingu hótels, með gistingu fyrir allt að 50 gesti ásamt veitingastað, ylströnd, aðstöðu til sjósunds og gerð bátaskýlis. Einnig þjónustu við golfvöll í Hvammsvík. Stærð svæðis er allt að 5 ha. Reiturinn er sýndur vestan við Hvamm í aðalskipulaginu en gera þarf óverulega breytingu á aðalskipulaginu samhliða deiliskipulagsbreytingu þessari og færa VP3 austur fyrir Hvamm þar sem uppbyggingin er fyrirhuguð. Í aðalskipulaginu er Hvammur/Hvammsvík skilgreind sem mögulegir viðkomustaðir ferðamanna.



Mynd 2. Skýringaruppráttur úr aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Ferðaþjónusta og áhugaverðir staðir.



Mynd 3. Hlutar af gildandi deiliskipulagi Hvalfjarðar og Hvalfjarðar í Kjósarhreppi, samþykkt 28. ágúst 2000.

Gildandi deiliskipulag

Áformuð breytingarsvæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði vegna þjóð- og stríðsminja í gildandi deiliskipulagi. Í greinargerð með deiliskipulaginu segir:

Hverfisverndarsvæði vegna þjóð- og stríðsminja.

Aðal rústasvæði jarðanna er heima við bæina, bæjarhólmarnir sjálfir og leifar útihúsa. Fæst þessara mannvirkja eru sýnileg á yfirborði. Því verður ávalt að hafa sérstaka gát við hvers konar jarðrask og



leita samráðs við fornleifafraeðing áður en ráðist er í meiriháttar framkvæmdir. Svæðið sem talið er líklegt að fornleifar finnast er auðkennt sérstaklega á skipulagsupprætti.

Á gildandi upprætti eru sýndir byggingarreitir fyrir 5 orlofshús á vegum staðarhaldara á hverfisvernduðu svæði vegna þjóð- og stríðsminja. Verða þessir byggingarreitir, staðsetning þeirra og skipulag á þessu svæði endurskoðað við breytingu þessa, en bílastæði eru áformuð á þessum slóðum.



Mynd 4. Yfirlitsmynd af svæðinu.

Uppbyggingaráform

Fyrirhuguð uppbygging verður þar sem núverandi náttúruleg er staðsett (sjá fyllta reit á loftmynd). Þar verður þjónustuhús, lítið bílastæði (fyrir allt að 30 bíla) og baðaðstaða.

Aðalbílastæði þar sem gert er ráð fyrir að gestir leggi verða meðfram núverandi vegi vestan við gamla Hvamm í um 500 m fjarlægð frá þjónustuhúsi (sjá ófylltan reit á loftmynd). Gert verður ráð fyrir bílastæðum fyrir um 50 bíla auk stæða fyrir 2-3 hópferðabíla.

Þjónustuhúsið verður allt að 500 m² að stærð með búningaðstöðu fyrir allt að 150 manns. Leitast verður eftir að nota íslensk efni og íslenska list eftir fremsta megni. Laugarnar verða allar hlaðnar úr grjóti sem finnst víðsvegar í fjörunni eða á jörðinni. Húsið verður lagt torfi og það falið að mestu leyti frá götu og þjóðvegi.

Gert er ráð fyrir fimm til sex heitum og köldum laugum sem liðast út í víkina og fyllast og tæmast með flóði og fjöru. Einnig er gert ráð fyrir tveim gufuböðum og hvíldaraðstöðu sem jafnframt er hugsað sem skjól. Laugarnar yrðu misdjúpar en þrjár þeirra yrðu alltaf að mestu nothæfar, einnig á flóði.


Aðkoma

Hvammsvík er í 40 mínútna fjarlægð frá Reykjavík. Hvalfjarðarvegur (nr. 47) liggur í gegnum jörðina og er öll aðkoma því mjög auðveld. Núverandi vegir og grunnar/byggingar verða notaðir eins og kostur er til að lágmarka umhverfisrask.



Minjar

Fornleifaskráning fyrir Hvamm og Hvammsvík kom út árið 2008.¹ Sú skráning samræmist ekki núgildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands um skráningu fornleifa og verður skráning minja hluti af vinnslu skipulagstillögunnar. Til stendur að merkja minjar á svæðinu vel og gera sögu staðarins þannig aðgengilega gestum og hluta af þeirri upplifun að heimsækja Hvammsvík.



Mynd 5. Skýringaruppdráttur úr aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Menningarminjar skv. aðalskráningu.

Samráð og kynning

Skipulagslýsing þessi og skipulagstillagan á síðari stigum verður send helstu umsagnaraðilum til umfjöllunar. Skipulagsgögnin verða einnig auglýst með áberandi hætti og gerð aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps.

Umsagnaraðilar:

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Minjastofnun Íslands

Umhverfisstofnun

Vegagerðin

¹ Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I, 2008



Skipulagsferli

Nóvember 2019: Skipulagslýsing fyrir breytingu á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur auglýst með áberandi hætti og gerð aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps.

Janúar 2020: Afgreiðsla sveitarstjórnar á deiliskipulagstillögu vegna heimildar til auglýsingar.

Janúar-febrúar 2020: Auglýsing deiliskipulagstillögu (6 vikur).

Mars 2020: Samþykkt deiliskipulags í nefnd og bæjarstjórn.

Mars 2020: Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun (2 vikur).

Apríl 2020: Gildistaka deiliskipulagsins auglýst.

Heimildir:

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029.

Hvammur og Hvammsvík í Kjósarhreppi. Deiliskipulag.

Birna Lárusdóttir, ritst., Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Elín ÓskHreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Unnur Magnúsdóttir höf. Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I, 2008. Fornleifastofnun Íslands. http://fornleif.is/wp-content/uploads/2018/07/FS394-07121-Kj%C3%B3sarhreppur_I.pdf